

Nd. 267. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Flm.: Bjarnfríður Leósdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fram á Alþingi fyrir árslok 1975 frumvarp til laga um sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Við samningu þess frumvarps skal m. a. miða að því, að í slíkum lífeyrissjóði geti allir átt aðild, bæði þeir, sem nú standa utan lífeyrissjóða, og sjóðfélagar annarra lífeyrissjóða. Enn fremur skal á það lögð áhersla, að lífeyrisgreiðslur slíks sjóðs séu verðtryggðar og allir lífeyrisþegar njóti sömu réttinda án tillits til kyns eða atvinnustéttar.

Greinargerð.

Að undanförunu hefur lífeyrissjóðakerfi landsmanna verið talsvert til umræðu. Í þeim umræðum hefur m. a. komið fram, að 90—95% launþega, 20 ára og eldri, eru innan lífeyrissjóðakerfisins, en að fjöldi lífeyrissjóða muni vera á milli 90 og 100. Það, sem hefur hins vegar komið af stað umræðum um mál þessi, er sá vandi sem fylgir margbrotnu og mismunandi kerfi lífeyrissjóða. Þar njóta sumir lífeyris sem er verðtryggður, þannig að lífeyrisþegar njóta bóta sem eru ákveðið hlutfall atvinnutekna eins og þær eru á hverjum tíma. Sumir verða hins vegar að setta sig við óverðtryggðar lífeyrisgreiðslur og verða þannig fyrir harðinu á verðbólgunni, þar til þær eru orðnar að engu og réttindin gagnslaus. Enn aðrir eiga ekki aðgang að neinum lífeyrissjóði.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að bæta úr í þessum efnum og leggja frumvarp til laga um sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn fram á Alþingi fyrir árslok 1975. Verði frumvarpið þannig úr garði gert, að með því sé öllum tryggður aðgangur að slíkum lífeyrissjóði. Þar sem nú á að fara fram endurskoðun á löggjöf almannatrygginga, er hugsanlegt að þessi sjóður yrði í beinum tengslum þar við. Lífeyrisgreiðslur yrðu verðtryggðar og öllum tryggð sömu réttindi, konum sem körlum.